

i Suður- og Vesturamtinu um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 4
56 frá 10. nóv. 1905 veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum: 21. febr.

1. Að svinin sjeu frá Danmörku og flutt þaðan og komi ekki á land í öðrum löndum á leiðinni.
2. Að þeim fylgi vottorð löggilds dýralæknis í Danmörku um það, að þau hafi verið fyllilega heilbrigð, er þeim var skipað þar út, og að þau hafi ekki síðustu mánuðina þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og Klove-syge«, »Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis«, og
3. að svinin verði flutt með skipi, sem fyrst kemur til Reykjavíkur, og nefndur dýralæknir skoði þau þar um borð á skipinu og finni ekkert að athuga við heilbrigði þeirra.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að Olaf Fostenes hefir hjeðan verið tilkynt leyfi þetta.

Reglugjörð

5
30. jan.

um

breyting á reglugjörð 17. maí 1902 um notkun pósta.

1. gr.

1. málsgrein 8. greinar skal hljóða þannig:

Það eru ávísanir á peningaupphæðir allt að 100 kr., sem eru borgaðar inn á einu pósthúsi, en eiga að borgast út á öðru. Póstávisanir verða því að ganga í gegnum tvö pósthús. Póststofan í Reykjavík og allar póstafgreiðslur gefa út og borga út póstaávisanir.

2. gr.

4. málsgrein 14. greinar skal hljóða þannig:

Það, sem goldið hefur verið fyrir frímerki, borgar póststjórnin ekki aptur gegn því, að frímerkjunum sje skilað aptur; en ef frímerkin hafa ekki verið notuð og þau eru ósködduð og alveg hrein, má heimta, að höfð sjeu skipti á þeim og öðrum frímerkjum, sem hafa sama verð. Fyrir slík skipti skal borga 5% af verði frímerkjanna, brot úr eyri telst sem heill eyrir.

3. gr.

Síðustu orðin í 3. málsgrein 22. gr. »nema það beri nafn ritsins efst á síðu« falli burt.

Í stjórnarráði Íslands, 30. janúar 1907.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.